



BARNAVERNDARSTOFA

---

# ÁRSSKÝRSLA BARNAVERNDARSTOFU 2020

*September 2021*

*Ársskýrsla 2020*  
*Barnaverndarstofa 2021*  
*ISSN 1670–3642*

*Ritstjóri: Eva Dögg Sigurðardóttir*  
*Ábyrgðarmaður: Heiða Björg Palmadóttir*

*Barnaverndarstofa*  
*Höfðaborg*  
*Borgartúni 21*  
*105 Reykjavík*  
*Sími: 530 2600*  
*Netfang: [bvs@bvs.is](mailto:bvs@bvs.is)*  
*Veffang: [www.bvs.is](http://www.bvs.is)*

## Efnisyfirlit

Yfirlit yfir töflur .....	IV
Yfirlit yfir myndir.....	IV
<b>1. FRÁ FORSTJÓRA .....</b>	<b>1</b>
1.1 REKSTUR OG STARFSMANNAHALD BARNAVERNDARSTOFU .....	3
1.2 RÁÐGJÖF BARNAVERNDARSTOFU .....	5
1.3 EFTIRLIT BARNAVERNDARSTOFU .....	6
1.4 STARFSLEYFI HEIMILA.....	6
1.5 HAGSMUNAGÆSLA .....	7
1.6 PMTO-FORELDRAFÆRNI .....	8
<b>2. FÓSTUR.....</b>	<b>9</b>
2.1 LEYFI TIL AÐ STARFA SEM FÓSTURFORELDRI .....	9
2.2 FJÖLDI BEIÐNA/UMSÓKNA UM FÓSTURHEIMILI.....	9
<b>3. VISTUN OG MEÐFERÐ.....</b>	<b>11</b>
3.1 NIÐURSTÖÐUR UMSÓKNA UM MEÐFERÐ .....	11
3.2 HLUTFALL UMSÓKNA UM MEÐFERÐ EFTIR ÚRRÆÐUM OG FJÖLSKYLDUGERÐ .....	12
3.3 FJÖLDI BARNA Í MEÐFERÐ.....	13
3.4 EFTIRFYLGD STUÐLA .....	13
3.5 VISTHEIMILI Á VEGUM STUÐLA - FANNAFOLD .....	14
3.6 FJÖLDI BARNA OG KOMUR Á LOKAÐA DEILD STUÐLA.....	14
3.7 NÁNARI UPPLÝSINGAR UM FJÖLDA BARNA Í MEÐFERÐ OG Á LOKAÐRI DEILD STUÐLA .....	15
3.7.1 ALDURS- OG KYNJASKIPTING .....	15
3.7.2 LENGD VISTUNAR/MEÐFERÐAR .....	17
3.7.3 FJÖLDI RÝMA, NÝTINGARHLUTFALL OG FJÖLDI STÖÐUGILDA .....	17
3.8 SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA VEGNA ÓVIÐEIGANDI KYNHEGÐUNAR .....	18
3.9 ÞVINGUNARATVIK OG KVARTANIR VEGNA MEÐFERÐARHEIMILA.....	18
<b>4. BARNAHÚS.....</b>	<b>19</b>
4.1 FJÖLDI BARNA Í BARNAHÚSI .....	19
4.2 RANNSÓKNARVIÐTÖL.....	19
4.3 GREININGAR- OG MEÐFERÐARVIÐTÖL.....	20
4.4 BÖRN SEM GREINDU FRÁ OFBELDI Í RANNSÓKNARVIÐTALI.....	21
4.5 LÆKNISSKOÐANIR.....	21

## YFIRLIT YFIR TÖFLUR

TAFLA 1-1 RÁÐSTÖFUNARFJÁRMAGN BARNAVERNDARSTOFU OG STOFNANA Á HENNAR VEGUM (Í ÞÚS. KR.) Á ÁRUNUM .....	3
TAFLA 1-2 RÁÐGJÖF VEITT BARNAVERNDARNEFNDUM EFTIR TILFNI (FJÖLDI MÁLA) .....	5
TAFLA 1-3 RÁÐGJÖF VEITT ÖÐRUM EN BARNAVERNDARNEFNDUM EFTIR TILFNI (FJÖLDI MÁLA) .....	5
TAFLA 1-4 FYRIRSPURNIR TIL BARNAVERNDARSTOFU .....	5
TAFLA 1-5 KVARTANIR TIL BARNAVERNDARSTOFU .....	6
TAFLA 1-6 UMSÓKNIR UM LEYFI Á GRUNDEVILLI 84. GR. BVL. A-LIÐAR .....	6
TAFLA 1-7 UMSÓKNIR UM LEYFI Á GRUNDEVILLI 84. GR. BVL. B-LIÐAR .....	7
TAFLA 1-8 UMSÓKNIR UM LEYFI Á GRUNDEVILLI 91. GR. BVL. ....	7
TAFLA 1-9 STARFANDI SUMARBÚÐIR MEÐ LEYFI FRÁ BARNAVERNDARSTOFU .....	7
TAFLA 1-10 HAGSMUNAGÆSLA (FJÖLDI BARNA).....	7
TAFLA 1-11 PMTO-ÞJÁLFUN .....	8
TAFLA 2-1 FJÖLDI UMSÓKNA UM AÐ GERAST FÓSTURFORELDRAR EFTIR BÚSETU .....	9
TAFLA 2-2 NIÐURSTAÐA UMSÓKNA UM AÐ GERAST FÓSTURFORELDRAR .....	9
TAFLA 2-3 FJÖLDI BEIÐNA/UMSÓKNA UM FÓSTURHEIMILI .....	9
TAFLA 2-4 FJÖLDI BEIÐNA/UMSÓKNA UM FÓSTUR, KYNJAHLUTFALL OG NIÐURSTAÐA.....	10
TAFLA 2-5 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA ÞAR SEM ÓSKAÐ VAR EFTIR FÓSTURFORELDRUM .....	10
TAFLA 3-1 FJÖLDI UMSÓKNA, KYNJAHLUTFALL OG NIÐURSTAÐA .....	11
TAFLA 3-2 FJÖLSKYLDUGERÐ SAMKVÆMT UMSÓKNUM UM MEÐFERÐ .....	12
TAFLA 3-3 HLUTFALL BARNA AF ERLENDUM UPPRUNA ÞAR SEM SÓTT VAR UM MEÐFERÐ.....	12
TAFLA 3-4 FJÖLDI BARNA Í MEÐFERÐ .....	13
TAFLA 3-5 EFTIRFYLGÐ STUÐLA .....	13
TAFLA 3-6 FJÖLDI INNSKRIFTA (KOMUR) OG FJÖLDI BARNA Á LOKAÐRI DEILD STUÐLA (NEYÐARVISTUN).....	14
TAFLA 3-7 VISTUNARDAGAR Á LOKAÐRI DEILD STUÐLA .....	14
TAFLA 3-8 FRÁVÍSANIR <sup>1</sup> Á LOKAÐRI DEILD STUÐLA .....	14
TAFLA 3-9 INNSKRIFTIR EFTIR KYNI OG ALDRI <sup>1</sup> .....	15
TAFLA 3-10 MEÐFERÐARTÍMI <sup>1</sup> .....	17
TAFLA 3-11 FJÖLDI RÝMA, NÝTINGARHLUTFALL OG FJÖLDI STÖÐUGILDA .....	17
TAFLA 3-12 NIÐURSTAÐA UMSÓKNA UM SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU VEGNA ÓVIÐEIGANDI KYNHEGÐUNAR .....	18
TAFLA 3-13 ÞVINGUNARATVIK .....	18
TAFLA 3-14 KVARTANIR.....	18
TAFLA 4-1 FJÖLDI BARNA SEM KOMU Í BARNAHÚS SKIPT EFTIR ÞJÓNUSTUÞÁTTUM.....	19
TAFLA 4-2 RANNSÓKNARVIÐTÖL .....	19
TAFLA 4-3 RANNSÓKNARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR LANDSVÆÐUM <sup>1</sup> .....	19
TAFLA 4-4 RANNSÓKNARVIÐTÖL, SKIPT EFTIR KYNI.....	20
TAFLA 4-5 RANNSÓKNARVIÐTÖL Í BARNAHÚSI, SKIPT EFTIR ALDRI .....	20
TAFLA 4-6 GREININGAR- OG MEÐFERÐARVIÐTÖL .....	20
TAFLA 4-7 GREININGAR- OG MEÐFERÐARVIÐTÖL SKIPT EFTIR LANDSVÆÐUM <sup>1</sup> .....	20
TAFLA 4-8 GREININGAR- OG MEÐFERÐARVIÐTÖL SKIPT EFTIR KYNI .....	20
TAFLA 4-9 GREININGAR- OG MEÐFERÐARVIÐTÖL Í BARNAHÚSI SKIPT EFTIR ALDRI .....	21
TAFLA 4-10 ÖNNUR VIÐTÖL <sup>1</sup> .....	21
TAFLA 4-11 BÖRN SEM GREINDU FRÁ OFBELDI Í RANNSÓKNARVIÐTALI <sup>1</sup> .....	21
TAFLA 4-12 LÆKNISSKOÐANIR Í BARNAHÚSI .....	21

## YFIRLIT YFIR MYNDIR

MYND 3-1 FJÖLSKYLDUGERÐ SAMKVÆMT UMSÓKNUM UM MEÐFERÐ Á ÁRUNUM 2016–2020.....	12
MYND 3-2 ALDURSSKIPTING: INNSKRIFUÐ BÖRN Á ÁRUNUM 2016–2020 .....	16
MYND 3-3 KYNJAHLUTFALL INNSKRIFTA Á ÁRUNUM 2016–2020 .....	16

# 1. Frá forstjóra

Skýrsla sú sem hér er birt tekur til tölulegra upplýsinga sem tengjast starfsemi Barnaverndarstofu vegna ársins 2020 með tölulegum samanburði við árin 2016–2019. Eins og áður þá gefa tölurnar góða mynd af starfseminni á árinu og þróun barnaverndarmála hér á landi.

Kórónuveirufaraldurinn setti svip sinn á starfsemi Barnaverndarstofu á árinu 2020. Endurhugsa þurfti alla þjónustu og starfsemi stofunnar með hliðsjón af sóttvörnum og þeim takmörkunum sem samfélagið allt þurfti að búa við. Var meðferðardeild Stuðla lokað í rúman mánuð á vormánuðum til að tryggja að starfsemi lokaðrar deildar gæti haldist óskert í fyrstu bylgju faraldursins. Einnig gerði fækkun flugferða innanlands sérfræðingum Barnahúss og MST-þerapistum erfiðara um vik að sinna þjónustu úti á landi, sérstaklega á vormánuðum. Barnaverndarstofa þurfti að semja nýtt verklag sem tryggði að meðferðarheimilin gætu sinnt börnum í sóttkví og einangrun auk þess sem útfæra þurfti sóttvarnarráðstafanir á öllum starfsstöðvum stofunnar. Einnig varð að fresta námskeiðum fyrir verðandi fösturforeldra frá vori fram á haust og þar með fresta heimsóknnum á þau heimili, sem leiddi til þess að það dróst að veita umræddum heimilum leyfi til að taka við fösturbörnum. Þrátt fyrir framangreint hélst starfsemi og þjónusta Barnaverndarstofu að öðru leyti óskert og er það hollustu og metnaði starfsfólks Barnaverndarstofu að þakka hversu vel tókst til. Sem dæmi um þetta má nefna að ráðgjöf Barnaverndarstofu var töluvert meiri á árinu 2020 en síðustu tvö ár á undan. Árið 2020 veitti Barnaverndarstofa ráðgjöf í 357 málum, samanborið við 257 og 259 árin 2019 og 2018.

Beiðnir um fösturheimili voru svipað margar og undanfarin ár og sama má segja um fjölda umsókna í MSTmeðferð og á meðferðardeild Stuðla. Þeim börnum sem fengu MST-meðferð fjölgaði nokkuð, voru alls 137 á árinu 2020 samanborið við 91–119 börn á ári á árunum 2016–2019. Hins vegar fækkaði umsóknum í langtímameðferð verulega, voru alls 16 á árinu 2020 samanborið við 19–26 umsóknir á ári á árunum 2016–2019. Var nýtingarhlutfall meðferðarheimilanna (Laugalands og Lækjarbakka) þannig samanlagt 34,6% árið 2020 en var 54,6%–68,1% á árunum 2016–2019.

Í janúar 2020 fól félags- og barnamálaráðherra Barnaverndarstofu að hýsa miðstöð sem hefur það hlutverk að halda utan um upplýsingar er varða ofbeldi gagnvart börnum, vera stjórnvöldum til ráðgjafar og leggja fram tillögur að mótun stefnu og aðgerða og fylgja þeim eftir. Tilkynnt var um stofnunina við hátiðlega athöfn í ráðherrabústaðnum. Haustið 2020 réð Barnaverndarstofa sérfræðing í tölfræði til starfa svo hægt væri að sinna þessu hlutverki af auknum þunga. Fyrstu mánuðir miðstöðvarinnar hafa farið í að greina ástandið og fjölgun ofbeldismála vegna kórónuveirunnar og hefur Barnaverndarstofa birt reglulegar samantektir og upplýsingar um stöðu mála.

Barnaverndarstofa opnaði vistheimili fyrir börn sem hafa lokið meðferð og þurfa áframhaldandi stuðning í kjölfar hennar þann 1. mars 2020 og er heimilið rekið sem deild á vegum Stuðla. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára sem hafði verið í undirbúningi frá árinu 2018 og því sérstaklega ánægjulegt að hægt væri að hefja starfsemina. Kórónuveiran setti strik í reikninginn er varðar þjónustu og stuðning við þau börn sem þar dvöldu fyrstu mánuðina þar sem erfitt var að fá vinnu fyrir þau á vormánuðum 2020 og tómstundastarf var af skornum skammti vegna samkomutakmarkana. Heilt yfir hefur starfsemin þó gengið vonum framur þetta fyrsta ár og alls dvöldu 3 börn á heimilinu á síðasta ári í samtals 362 daga.

Nýtt skipurit Barnaverndarstofu tók gildi 1. júní 2020 og fól það í sér töluverðar breytingar frá fyrra skipuriti. Markmið skipuritsins var m.a. að efla stofnunina sem þjónustustofnun og við gerð skipuritsins var sérstaklega hugað að því að það væri til þess fallið að þjóna hagsmunum þeirra barna sem barnaverndarkerfið veitir þjónustu. Með breytingunum var Lækjarbakki færður undir stjórn Stuðla og er meðferðarheimilið nú rekið sem deild undir Stuðlum. Hefur starfsemin þar eflst mjög við þær breytingar. Einnig var starfsemi PMTO foreldrafærniþjálfunar færð undir ráðgjafar- og fræðsluvið í þeim tilgangi að efla þá starfsemi og halda betur utan um það starf og nýta fjármuni til þess verkefnis í auknum mæli í að styrkja starf sveitarfélaga. Hefur sú starfsemi einnig eflst mjög með skipulagsbreytingunum og stjórnun þar styrkst mjög með þeim. Haustið 2020 var gerður samningur við höfunda og eigendur PMTO í Oregon í Bandaríkjunum um áframhaldandi samstarf. Þar var m.a. samið um þjálfun starfsfólks Barnaverndarstofu sem kemur til með að sinna meðferðarmenntun, handleiðslu og eftirfylgd við fylgni meðferðar. Með nýja skipuritinu urðu jafnframt til tvö stoðsvið, lögfræðisvið og skrifstofa forstjóra, sem hafa það hlutverk að styðja við alla starfsemi Barnaverndarstofu þvert á svið og starfseiningar. Með þessum breytingum var hlutverk og verkaskipting skýrð og samstarf fært í formlegri farveg. Einnig var stofnuð formleg framkvæmdastjórn sem fer með

daglega stjórnun og stýrir stefnumótun Barnaverndarstofu. Samhliða þessum breytingum voru gerðar nýjar starfs- lýsingar fyrir alla æðstu stjórnendur til að skýra umboð þeirra, ábyrgð og verkefni.

Síðustu ár hefur álag í Barnahúsi aukist jafnt og þétt. Bæði hefur verið biðlisti í meðferð þar og mikið álag vegna rannsóknarviðtala. Húsnæðið býður ekki upp á frekari fjölgun starfsmanna eða fjölgun rýma þar sem hægt er að taka rannsóknarviðtöl. Barnaverndarstofa hefur ekki fjármuni til þess að stækka Barnahús eða fjárfesta í nýju húsnæði eða fjölga starfsfólki varanlega. Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum og úr Barnahúsi hafa svo staðfest mikla fjölgun ofbeldismála frá upphafi Covid, sem gerir vanda Barnahúss alvarlegri. Alþingi og félagsmálaráðuneytið brugðust fljótt við með tímabundnu fjármagni til að fjölga starfsfólki á vormánuðum 2020. Hins vegar er nauðsynlegt að bregðast við með varanlegri fjölgun starfsmanna og huga að húsnæðismálum fyrir Barnahús. Má m.a. sjá þetta á því að svipaður fjöldi barna fékk greiningar- og meðferðarviðtöl í Barnahúsi og undanfarin ár en veruleg aukning varð á fjölda skýrslutaka, ekki síst vegna líkamlegs ofbeldis, sem voru 130% fleiri 2020 en árið 2019. Svipað hlutfall barna greindir frá ofbeldi í slíkum viðtölum og áður og ætti börnum í meðferð því einnig að fjölga. Ekki er hægt að fjölga þeim viðtölum nema með fjölgun starfsfólks.

Rekstur Barnaverndarstofu hefur aukist nokkuð að umfangi á undanförunum árum, ekki síst vegna fjölmargra umfangsmikilla verkefna sem framkvæmdaáætlun Alþingis í barnavernd leggur á herðar stofunni. Um er að ræða verkefni sem eru mikilvæg til að efla barnaverndarstarf og þróa þjónustu við börn. Það veldur þó nokkrum vandkvæðum við framkvæmd þeirra verkefna að þau eru ekki fjármöggnuð að fullu og hefur það m.a. leitt til þess að Barnaverndarstofa hefur ekki getað staðið að fullu við áætlunina. Má hér nefna sem dæmi að fyrirhugað var að hefja undirbúning að innleiðingu á úrræðinu MST-CAN (child abuse and neglect) fyrir barnaverndarnefndir á árinu 2020 og var fyrirhugað að barnaverndarnefndir gætu boðið fjölskyldum upp á þetta úrræði frá byrjun árs 2021. Ekki var hægt að hefja þessa innleiðingu líkt og áformað var þar sem fjármunir úr ríkissjóði fyrir þjónustunni á árinu 2021 voru ekki tryggðir. Er þetta sérstakt áhyggjuefni í ljósi fjölgunar á tilkynningum um ofbeldi og vanrækslu frá því í upphafi árs 2020 sem og krafna mannréttindadómstóls Evrópu í nýlegum dómum, ekki síst gegn Noregi, til málsmeðferðar barnaverndaryfirvalda og þess að styðja við foreldra í sínu uppeldishlutverki svo hægt sé að halda fjölskyldum saman sem og réttar til umgengni þegar börn eru vistuð utan heimilis.

Í desember 2020 lagði félags- og barnamálaráðherra fram frumvörp á Alþingi sem lúta að þeim stóru kerfisbreytingum í þágu þjónustu við börn sem unnið hefur verið að síðustu ár og starfsfólk Barnaverndarstofu tekið þátt í. Frumvörpin fólu meðal annars í sér að leggja niður Barnaverndarstofu og setja á fót nýja stofnun, Barna- og fjölskyldustofu. Henni er ætlað að taka við flestum verkefnum Barnaverndarstofu auk fjölmargra nýrra verkefna sem lúta að stuðningi við veitendur þjónustu í þágu farsældar barna. Gera frumvörpin ráð fyrir því að kerfisbreytingarnar taki gildi 1. janúar 2022.

Nú þegar frumvarp um að leggja niður Barnaverndarstofu hefur litið dagsins ljós er mikilvægt að félagsmálaráðuneytið, sem ber ábyrgð á yfirfærslu verkefna yfir í nýja stofnun, tryggi eins og hægt er samfellu í þjónustu og afgreiðslu umsókna. Hér skiptir gríðarlega miklu máli að starfsfólk Barnaverndarstofu verði upplýst um stöðu mála og þeirra framtíðarstörf liggja ljós fyrir eins fljótt og hægt er svo þekking og reynsla þess hæfa og færa starfsfólks hverfi ekki út úr barnaverndarkerfinu eða þjónustukerfi barna. Jafnframt er mikilvægt að huga sem fyrst að heildarendurskoðun á barnaverndarlögum og barnaverndarkerfinu svo það sé í takt við kröfur nútímans og í samræmi við þær kröfur sem mannréttindareglur leggja á herðar stjórnvalda í barnaverndarmálum. Fyrirkomulag barnaverndarmála hér á landi, bæði málsmeðferðarreglur og stuðningur, byggir á áratugagömlum grunni og óvíst er að sá grunnur standist nútímakröfur í þessum efnun. Það er því brýnt að endurskoða þetta kerfi í heild sinni samhliða því að nýtt þjónustukerfi við börn tekur til starfa.

*Heiða Björg Pálmadóttir*  
forstjóri

## 1.1 Rekstur og starfsmannahald Barnaverndarstofu

Í töflu 1-1 kemur fram ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og meðferðarheimila á vegum hennar á tímabilinu 2016 til 2020. Á árinu 2019 var heildarkostnaður vegna starfsemi Barnaverndarstofu rúmlega 1,5 milljarður kr. Á árinu 2020 nam heildarkostnaður vegna starfsemi Barnaverndarstofu 1.726.812.623 kr. Helstu breytingar frá fyrri árum má rekja til opunar stuðningsheimilis sem er tilraunaverkefni til tveggja ára, verkefna í framkvæmdaáætlun í barnavernd sem kostuðu samtals 170 m.kr. árið 2020, viðbótar í Barnahús vegna Covid og sérfræðingateymis vegna barna með fjölþættan vanda sem félagsmálaráðuneytið fól Barnaverndarstofu tímabundið að halda utan um.

**Tafla 1-1 Ráðstöfunarfjármagn Barnaverndarstofu og stofnana á hennar vegum (í þús. kr.) á árunum**


	2016		2017		2018		2019		2020	
	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall	Þús. kr.	Hlutfall
Yfirstjórn	216.260	15,3%	222.170	15,7%	246.926	17,3%	260.954	16,7%	372.839	21,5%
Barnahús	86.376	6,1%	96.073	6,8%	100.418	7%	108.891	7%	120.145	7%
Samtals	302.636	21,4%	318.243	22,5%	347.344	24,3%	369.845	23,7%	492.984	28,5%
Meðferðarheimilið Háholt <sup>1</sup>	156.995	11,1%	108.942	7,7%	6.484	0,5%	0	0%	0	0%
Meðferðarheimilið Laugalandi	130.545	9,2%	138.148	9,8%	151.887	10,6%	158.953	10,2%	166.943	9,7%
Einkarekin meðferðarheimili samtals	287.540	20,3%	247.090	17,5%	158.371	11,1%	158.953	10,2%	166.943	9,7%
Meðferðarheimilið Lækjarbakki	135.068	9,5%	175.036	12,4%	197.953	13,8%	201.367	12,9%	177.836	10,3%
Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins	298.133	21,2%	334.275	23,7%	376.097	26,3%	435.233	27,8%	436.983	25,3%
Stuðningsheimili					8.157	0,6%	5.767	0,4%	68.476	4,0%
Styrkt fóstur	52.708	3,7%	58.325	4,1%	39.019	2,7%	46.045	2,9%	47.805	2,8%
Landspítali	16.025	1,1%	16.305	1,2%	16.515	1,2%	15.990	1%	18.600	1,1%
MST-fjölkerfameðferð	171.925	12,1%	183.938	13,1%	199.314	13,9%	233.897	15%	284.934	16,5%
PMTO-foreldrafærni	31.732	2,3%	33.744	2,4%	37.296	2,6%	34.822	2,2%		%
Önnur meðferðarúrræði	77.517	5,5%	3.097	0,2%	4.850	0,3%	2.836	0,2%	2.252	0,1%
Brúðuleikhúsið og ART	39.937	2,8	40.000	2,8%	43.000	3,0%	58.000	3,7	30.000	1,7%
Samtals	823.045	58,1%	844.720	59,9%	922.201	64,5%	1.033.957	66,1%	1.066.886	61,8%
Samtals rekstrarkostnaður	1.413.221	99,8%	1.410.053	99,9%	1.427.915	99,9%	1.562.754	99,9%	1.726.813	100%
Stofnkostnaður	3.121	0,2%	1.384	0,1%	1.820	0,1%	0.709	0,1%	0	0,0%
Samtals	1.416.342	100%	1.411.437	100%	1.429.735	100%	1.563.463	100%	1.726.813	100%

<sup>1</sup> Háholt hætti starfsemi 30. júní 2017 en kostnaður vegna húsnæðis hélt áfram til sumarloka 2018.

Í lok árs 2019 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls 99 starfsmenn í 90,75 stöðugildum, að forstjóra meðtöldum; 17 starfsmenn í 15,58 stöðugildum á skrifstofu Barnaverndarstofu, 9 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum í Barnahúsi, 4 starfsmenn í 2 stöðugildum hjá PMTO-miðstöð, 15 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum í MST, 37 starfsmenn í 32,87 stöðugildum á Stuðlum og 17 starfsmenn í 16,3 stöðugildum á Lækjarbakka.

Í lok árs 2020 störfuðu hjá Barnaverndarstofu alls 107 starfsmenn í 99,5 stöðugildum, að forstjóra meðtöldum; 21 starfsmaður í 19,89 stöðugildum á skrifstofu Barnaverndarstofu, 9 starfsmenn í 9 stöðugildum í Barnahúsi, 15 starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum í MST, 44 starfsmenn í 39,31 stöðugildi á Stuðlum og stuðningsheimili og 18 starfsmenn í 16,3 stöðugildum á Lækjarbakka.

Hér má sjá skipurit Barnaverndarstofu.





## 1.2 Ráðgjöf Barnaverndarstofu

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum almennar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna úrlausna barnaverndarmála. Auk þess veitir Barnaverndarstofa öðrum opinberum aðilum og almenningi ráðgjöf og upplýsingar á sviði barnaverndar. Starfsfólk ráðgjafar- og fræðsluviðs, auk lögfræðinga Barnaverndarstofu, sinnir öðrum fremur þessu verkefni og hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda mála þar sem ráðgjöf er veitt af þessum aðilum. Yfirlitin miða einungis að því að varpa ljósi á hvert var „fyrsta erindi“ vegna ráðgjafar en gefa ekki upplýsingar um hve oft var leitað til Barnaverndarstofu vegna sama máls.

**Tafla 1-2 Ráðgjöf veitt barnaverndarnefndum eftir tilefni (fjöldi mála)**

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Upphaf barnaverndarmáls <sup>1</sup>	26	7,9	59	19,9	53	20,5	16	6,5	23	6,4
Stuðningsúrræði <sup>2</sup>	40	12,2	20	6,7	30	11,6	14	5,4	35	9,8
Þvingun <sup>3</sup>	61	18,7	6	2,0	14	5,4	14	5,4	10	2,8
Málsmeðferð <sup>3</sup>	95	29,1	122	41,1	101	39,0	132	51,4	195	54,6
Börn í föstri <sup>4</sup>	38	11,6	14	4,7	22	8,5	19	7,4	29	8,1
Hlutverk bvn. skv. öðrum lögum <sup>5</sup>	27	8,3	13	4,4	14	5,4	2	0,8	7	2,0
Annað <sup>6</sup>	40	12,2	63	21,2	25	9,6	60	23,4	58	16,2
Samtals	327	100,0	297	100,0	259	100,0	257	100,0	357	100,0

<sup>1</sup> Ráðgjöf felst í að veita aðstoð við að skilja og skilgreina hvenær mál telst barnaverndarmál og hvenær ekki.

Vandkvæði geta verið við að greina á milli þess hvort um sé að ræða þjónustu við barn og fjölskyldu þess samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða afskipti á grundvelli barnaverndarlaga.

<sup>2</sup> Undir þennan lið falla fjölbreytileg verkefni er varða úrræði barnaverndarnefndar, áætlunargerð þá sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum, hvernig árangursríkast sé að leita samstarfs við forsjáraðila o.fl.

<sup>3</sup> Í þessum flokki er fyrst og fremst um að ræða ráðgjöf vegna túlkunar á VIII. kafla barnaverndarlaga, svo sem um hæfi, rannsóknarheimildir barnaverndarnefndar, réttindi barna við málsmeðferð, meðferð úrskurðarmála, neyðarráðstafanir og valdbeitingu.

<sup>4</sup> Hér er um að ræða ráðgjöf um þær reglur sem í gildi eru um ráðstöfun barns í föstur, svo sem um val á fösturfóreltrum, staðsetningu fösturheimilis, gerð föstursamninga, umgengni barns við sína nánustu o.fl.

<sup>5</sup> Hér er um að ræða verkefni sem koma í hlut barnaverndarnefndar og kveðið er á um í öðrum lögum en barnaverndarlögum, svo sem barnalögum.

<sup>6</sup> Til þessa flokks telst ráðgjöf sem er veitt vegna atriða eins og útvistar barna, samstarfs barnaverndarnefnda, leyfisveitinga vegna heimila fyrir börn af ýmsum toga, þ.á.m. vegna sumarvalarheimila og sumarbúða. Auk þessarar formlegu ráðgjafar veita aðrir starfsmenn einnig leiðbeiningar sem tengjast fösturmálum og börnum sem sýna áhættuþegðun og leiðbeiningar sem tengjast öðrum starfssviðum stofunnar, s.s. varðandi meint ofbeldi gegn börnum án þess að sú ráðgjöf sé talin sérstaklega. Leiðbeiningum og ráðgjöf við barnaverndarnefndir er í meirihluta tilvika komið á framfæri simleiðis og er yfirlitt að frumkvæði nefndanna og starfsmanna þeirra. Ráðgjöf getur jafnframt verið veitt skriflega, með tölvupósti eða á fundum með starfsfólki.

**Tafla 1-3 Ráðgjöf veitt öðrum en barnaverndarnefndum eftir tilefni (fjöldi mála)**

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Einstök barnaverndarmál	155	52,4	117	66,8	92	52,0	136	69,0	100	53,2
Almennt um barnaverndarmál	53	17,9	21	12,0	48	27,1	31	15,7	53	28,2
Almenn þjónusta við börn	15	5,1	7	4,0	5	2,8	5	2,6	3	1,6
Forsjár- og umgengnismál	49	16,5	22	12,6	27	15,3	10	5,1	14	7,4
Annað	24	8,1	8	4,6	5	2,8	15	7,6	18	9,6
Samtals	296	100,0	175	100,0	177	100,0	197	100,0	188	100,0

Auk ráðgjafar svara starfsmenn einnig fyrirspurnum sem berast í gegnum heimasíðu Barnaverndarstofu.

Það eru fyrst og fremst fyrirspurnir frá almenningi.

**Tafla 1-4 Fyrirspurnir til Barnaverndarstofu**

	2016	2017	2018	2019	2020
Fyrirspurnir til Barnaverndarstofu	224	199	177	219	291

### 1.3 Eftirlit Barnaverndarstofu

Í eftirliti Barnaverndarstofu felst annars vegar meðferð kvartana vegna vinnslu nefnda og hins vegar eftirlit að eigin frumkvæði. Hver sem er getur komið kvörtun á framfæri við Barnaverndarstofu vegna vinnubragða barnaverndarnefnda og er lögð áhersla á að kvartanir berist skriflega. Þegar Barnaverndarstofu berst kvörtun þá er leitað eftir afstöðu viðkomandi barnaverndarnefndar til kvörtunarefnis og upplýsinga aflað um vinnslu og meðferð máls. Barnaverndarstofa metur síðan hvort barnaverndarnefnd hafi fylgt settum lögum við meðferð málsins og sendir aðilum máls og viðkomandi barnaverndarnefnd niðurstöður sínar eftir því sem við á. Barnaverndarstofa tekur til skoðunar verklag og starfsaðferðir barnaverndarnefnda en endurskoðar ekki ákvarðanir sem teknar hafa verið í málum.

Tilfni eftirlits að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu getur verið margvíslegt. Atriði sem fram koma í árskýrslum nefnda, umsóknum um úrræði eða þjónustu geta vakið spurningar sem nauðsynlegt reynist að fá svör við. Opinber umræða um málefni er varða börn eða ábendingar úr ýmsum áttum geta gefið stofunni tilfni til að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir rækja hlutverk sitt á einstökum sviðum. Einnig hefur Barnaverndarstofa stundum upplýsingar um, eða umræða í samfélaginu bendir til þess, að málið sé óvenjulegt eða sérstakt eða jafnvel fordæmisgefandi og þykir stofunni þá ástæða til þess að taka málið til sérstakrar skoðunar. Þannig getur eftirlit Barnaverndarstofu að eigin frumkvæði beinst að öllum þáttum barnaverndarmála og vinnuaðferðum við framkvæmd þeirra. Það getur ýmist beinst að tilteknum barnaverndarnefndum, einni eða fleirum, eða að þeim öllum. Barnaverndarstofa tekur mál fyrst og fremst til skoðunar að eigin frumkvæði þegar vísbendingar eru um að um geti verið að ræða mál sem varðar almenna framkvæmd á tilteknu sviði, annað hvort hjá ákveðinni nefnd eða hjá barnaverndarnefndum almennt.

Tafla 1-5 Kvartanir til Barnaverndarstofu

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Upphaf máls	0	0,0	1	4,0	1	3,3	4	12,5	5	16,7
Stuðningsúrræði	5	13,5	3	12,0	3	10,0	4	12,5	3	10,0
Þvingun	0	0,0	1	4,0	1	3,3	0	0,0	0	0,0
Málsmeðferð	27	73,0	14	56,0	23	76,7	20	62,5	20	66,7
Börn í föstri	3	8,1	6	24,0	1	3,3	4	12,5	2	6,7
Hlutverk skv. öðrum lögum	2	5,4	0	0,0	1	3,3	0	0,0	0	0,0
Samtals	37	100,0	25	100,0	30	100,0	32	100,0	30	100,0

### 1.4 Starfsleyfi heimila

Samkvæmt ákvæðum 84. og 91. gr. barnaverndarlaga og reglugerð nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og reglugerð nr. 366/2005 um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.); er starfsemi hvers konar vistheimila, meðferðarheimila, hjálparstöðva, neyðarathvarfa auk sumardvalarheimila og sumarbúða háð leyfisveitingu Barnaverndarstofu.

Þegar úrræði á grundvelli þessarar greinar er komið á fót skal barnaverndarnefnd sækja um það til Barnaverndarstofu. Um getur verið að ræða leyfi til að vista barn hjá ákveðinni fjölskyldu í ákveðinn tíma (a-liður 84. gr.). Í þeim tilvikum er oft um að ræða ættingja, svo sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns eða afa og ömmu, eða leyfi til að reka viðvarandi úrræði, svo sem vistheimili eða einkaheimili sem er ráðið til að taka að sér börn fyrirvaralítið fyrir barnaverndarnefnd (b-liður 84. gr.).

Tafla 1-6 Umsóknir um leyfi á grundvelli 84. gr. bvl. a-liðar

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Leyfi veitt	102	89,5	82	84,5	96	82,1	113	86,9	137 <sup>1</sup>	86,2
Dregin til baka/synjað	12	10,5	15	15,5	21	17,9	–	–	–	–
Dregin til baka	–	–	–	–	–	–	17	13,1	5	3,1
Synjað	–	–	–	–	–	–	0	0,0	17	10,7
Niðurstaða liggur ekki fyrir	–	–	–	–	–	–	–	–	9	0,0
Samtals	114	100,0	97	100,0	117	100,0	130	100,0	159	100,0

<sup>1</sup> Þar af 42 endurnýjuð leyfi

**Tafla 1-7 Umsóknir um leyfi á grundvelli 84. gr. bvl. b-liðar**

	2016	2017	2018	2019	2020
Leyfi veitt	5 <sup>1</sup>	1	7	4 <sup>2</sup>	11
Dregin til baka	–	–	–	–	2
Synjað	–	–	–	–	0
Niðurstaða liggur ekki fyrir	–	–	–	–	4
Samtals	–	–	–	–	17

<sup>1</sup> Þar af þrjú endurnýjuð leyfi

<sup>2</sup> Þar af eitt endurnýjað leyfi

**Tafla 1-8 Umsóknir um leyfi á grundvelli 91. gr. bvl.**

	2016	2017	2018	2019	2020
Leyfi veitt	1	0	4	1	2
Leyfi endurnýjað	7	1	2	2	0
Dregin til baka	0	0	4	0	5 <sup>1</sup>
Synjað	0	0	0	0	0
Niðurstaða lá ekki fyrir	0	0	2	1	2
Samtals	8	1	12	4	9

<sup>1</sup> Í einu tilviki var leyfi enn í gildi og því ekki þörf á að sækja um. Í öðrum tilvikum átti að sækja um á öðrum lagagrundvelli, sem var síðar gert

**Tafla 1-9 Starfandi sumarþúðir með leyfi frá Barnaverndarstofu**

	2016	2017	2018	2019	2020
Sumarþúðir	13	11	14	12	9

## 1.5 Hagsmunagæsla

Með 1. mgr. 31. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, sem tóku gildi þann 1. janúar 2017, var Barnaverndarstofu falið það hlutverk að tryggja hagsmunagæslu fylgdarlausra barna sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi. Hagsmunagæsla felur í sér að gætt sé að því að barn fái þá aðstoð sem nauðsynleg er meðan á málsmeðferð stendur, þ.m.t. stuðning á grundvelli barnaverndarlaga og annarra laga, svo sem varðandi félagslega aðstoð, skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu, sbr. 13. tölul. 3. gr. laganna.

**Tafla 1-10 Hagsmunagæsla (fjöldi barna)**

	2018	%	2019	%	2020	%
Forsjá færð barnaverndarnefnd	1	5,0	6	30,0	1	9,1
Máli lokað vegna aldursgreiningar	8	40,0	8	40,0	7	63,6
Annað <sup>1</sup>	11	55,0	6	30,0	3	27,3
Samtals	20	100,0	20	100,0	11	100,0

<sup>1</sup> Ýmislegt getur átt við um þau mál sem út af standa, málin geta verið opin hjá barnaverndarnefndum, þau stödd í kærufarli, þeim synjað eða þá að einstaklingurinn hefur dregið til baka umsókn og/eða farið af landi brott í miðju ferlinu.

## 1.6 PMTO-foreldrafærni

Barnaverndarstofa hefur það hlutverk að innleiða PMTO-foreldrafærni hér á landi. Frá árinu 2013 hefur stofnunin borið ábyrgð á menntun PMTO-meðferðaraðila. Árið 2020 var gerður samningur við höfunda og eigendur PMTO-úrræðisins, Implementation Sciences International INC, um áframhaldandi samstarf. Í þeim samningi var samið um þjálfun starfsfólks Barnaverndarstofu sem mun sinna meðferðarmenntun, handleiðslu og eftirfylgd við fylgni meðferðar. Samningurinn styrkir Barnaverndarstofu í því að innleiða PMTO í fleiri sveitarfélögum á landinu ásamt því að veita PMTO-meðferðaraðilum áframhaldandi stuðning í formi handleiðslu og í eftirfylgni við aðferð.

**Tafla 1-11 PMTO-þjálfun**

Fagmenntun	2016	2017	2018	2019	2020 <sup>3</sup>
Hópmeðferðarþjálfun <sup>1</sup>	8	7	9	10	0
Kennaraþjálfun <sup>2</sup>	0	0	1	0	0

<sup>1</sup> Hópmeðferðarþjálfun er viðbótarnám fyrir PMTO-meðferðaraðila sem gefur réttindi til að veita PMTO-hópmeðferð.

<sup>2</sup> Kennaraþjálfun er viðbótarnám fyrir PMTO-meðferðaraðila sem gefur réttindi til að sinna kennslu í PMTO-aðferðinni.

<sup>3</sup> Ekki var hægt að halda fyrirhugaða þjálfun vegna samkomutakmarkana.

## 2. Fóstur

### 2.1 Leyfi til að starfa sem fósturforeldri

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, heldur skrá yfir þá sem hafa tilskilin leyfi og veitir barnaverndarnefndum liðsinni við að finna börnum hæfa fósturforeldra. Umsækjendur þurfa jafnframt að sækja námskeið sem haldið er reglulega á Barnaverndarstofu áður en ákvörðun um leyfi er tekin. Í töflu 2-1 má sjá fjölda umsókna um að gerast fósturforeldrar. Athugið að talningin tekur ekki til umsókna frá fósturforeldrum um endurnýjað leyfi.

Tafla 2-1 Fjöldi umsókna um að gerast fósturforeldrar eftir búsetu

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Reykjavík og nágrenni	39	51,3	34	56,7	39	54,2	28	59,6	19	33,9
Vesturland	7	9,2	4	6,7	8	11,1	3	6,4	3	5,4
Vestfirðir	1	1,3	0	0,0	2	2,8	1	2,1	2	3,6
Norðurland	12	15,8	4	6,7	6	8,3	6	12,8	10	17,9
Austurland	1	1,3	2	3,3	6	8,3	1	2,1	3	5,4
Suðurland	11	14,5	10	16,7	9	12,5	4	8,5	11	19,6
Reykjanes	3	4,0	5	8,3	2	2,8	4	8,5	7	12,5
Fólk búsett erlendis	2	2,6	1	1,7	0	0,0	0	0,0	1	1,8
Samtals	76	100,0	60	100,0	72	100,0	47	100,0	56	100,0

Nágrenni Reykjavíkur eru eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Tafla 2-2 Niðurstaða umsókna um að gerast fósturforeldrar

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Samþykkt	57	75,0	32	53,3	53	73,6	35	74,5	16	28,6
Dregin til baka	18	23,7	22	36,7	14	19,4	9	19,1	6	10,7
Synjað	1	1,3	6	10,0	4	5,6	0	0,0	1	1,8
Niðurstaða liggur ekki fyrir	0	0,0	0	0,0	1	1,4	3	6,4	33	58,9
Samtals	76	100,0	60	100,0	72	100,0	47	100,0	56	100,0

### 2.2 Fjöldi beiðna/umsókna um fósturheimili

Barnaverndarnefnd, sem hyggst senda barn í tímabundið eða varanlegt fóstur, sendir beiðni til Barnaverndarstofu um mögulegt fósturheimili vegna tiltekins barns eða barna og tekur ákvörðun um hvaða fósturheimili sem Barnaverndarstofa hefur bent á verður fyrir valinu. Hins vegar sækir barnaverndarnefnd um styrkt fóstur og er það háð samþykki Barnaverndarstofu.

Tafla 2-3 Fjöldi beiðna/umsókna um fósturheimili

	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%
Varanlegt fóstur <sup>1</sup>	32	21,5	28	16,4	28	23,3	33	20,3	41	24,8
Tímabundið fóstur <sup>2</sup>	93	62,4	122	71,3	67	55,8	98	60,1	95	57,6
Styrkt fóstur <sup>3</sup>	24	16,1	21	12,3	25	20,8	32	19,6	29	17,6
Samtals	149	100,0	171	100,0	120	100,0	163	100,0	165	100,0

<sup>1</sup> Um varanlegt fóstur er að ræða þegar barni er komið í fóstur sem varir þar til það nær sjálfræðisaldri. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar.

<sup>2</sup> Markmið tímabundins fósturs er að búa barni tryggar uppeldisaðstæður þann tíma sem fóstur er ætlað að vara og skapa aðstæður til að veita barninu, og foreldrum þess þegar það á við, nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna. Tímabundið fóstur skal vara í afmarkaðan tíma og samanlagt ekki lengur en tvö ár nema í algerum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns.

<sup>3</sup> Styrkt fóstur á við þegar barn á við verulega hegðunarerfiðleika að etja, uppfyllt eru skilyrði fyrir vistun á meðferðarstofnun en fóstur þykir betur þjóna hagsmunum og umönnunarþörf barns. Gert er ráð fyrir að annað fósturforeldri sé heima og sinni viðkomandi barni og greiðir ríkið hluta af fósturlaunum. Markmið með styrktu fóstur er að barn njóti sérstakrar umönnunar og þjálfunar á fósturheimili og að barnaverndarnefnd veiti barni, fósturheimili og foreldrum þess þegar það á við nauðsynlegan stuðning þannig að barnið muni geta snúið aftur til foreldra sinna.

**Tafla 2-4 Fjöldi beiðna/umsókna um fóstur, kynjahlutfall og niðurstaða**

	2016		2017		2018		2019		2020	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
<b>Beiðnir/umsóknir samtals</b>	<b>149</b>	<b>100,0</b>	<b>171</b>	<b>100,0</b>	<b>120</b>	<b>100,0</b>	<b>163</b>	<b>100,0</b>	<b>165</b>	<b>100,0</b>
Drengir	80	53,7	94	55,0	64	53,3	82	50,3	78	47,3
Stúlkur	69	46,3	77	45,0	56	46,7	81	49,7	86	52,1
Ekki vitað <sup>1</sup>	–	–	–	–	–	–	–	–	1	0,6
Afgreidd/samþykkt	119	79,9	114	66,7	94	78,3	117	71,8	116	70,3
Dregin til baka	26	17,4	53	31,0	23	19,2	37	22,7	15	9,1
Synjað	4	2,7	4	2,3	3	2,5	3	1,8	2	1,2
Niðurstaða liggur ekki fyrir	0	0,0	0	0,0	0	0,0	6	3,7	32	19,4
<b>Tímabundið og varanlegt fóstur</b>	<b>125</b>	<b>100,0</b>	<b>150</b>	<b>100,0</b>	<b>95</b>	<b>100,0</b>	<b>131</b>	<b>100,0</b>	<b>136</b>	<b>100,0</b>
Drengir	63	50,4	84	56,0	49	51,6	63	48,1	58	42,6
Stúlkur	62	49,6	66	44,0	46	48,4	68	51,9	77	56,6
Ekki vitað	–	–	–	–	–	–	–	–	1	0,7
Afgreidd	101	80,8	101	67,3	78	82,1	94	71,8	92	67,6
Dregin til baka	24	19,2	49	32,7	17	17,9	31	23,7	13	9,6
Niðurstaða liggur ekki fyrir	0	0,0	0	0,0	0	0,0	6	4,6	31	22,8
<b>Styrkt fóstur<sup>2</sup></b>	<b>24</b>	<b>100,0</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>25</b>	<b>100,0</b>	<b>32</b>	<b>100,0</b>	<b>29</b>	<b>100,0</b>
Drengir	17	70,8	11	52,4	15	60,0	19	59,4	20	69,0
Stúlkur	7	29,2	10	47,6	10	40,0	13	40,6	9	31,0
Samþykkt	18	75,0	13	62,0	16	64,0	23	71,9	24	82,8
Dregin til baka	2	8,3	4	19,0	6	24,0	6	18,8	2	6,9
Synjað	4	16,7	4	19,0	3	12,0	3	9,4	2	6,9
Niðurstaða liggur ekki fyrir	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	3,4

<sup>1</sup> Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað.

